

## Byggðamálaráð

### Fundargerð 9. fundar byggðamálaráðs Fundur haldinn 17. september 2020 kl. 12.30

#### Dagskrá:

1. Afleiðingar Covid-19 á byggðir landsins / fjármál sveitarfélaga
2. Framkvæmd byggðaáætlunar 2018-2024
3. Endurskoðun byggðaáætlunar – vinnan framundan
4. Ársrit samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis 2019 – árangursmælikvarðar
5. Önnur mál
  - a) Loftbrúin (skoska leiðin)

**Mættir:** Ágúst Bjarni Garðarsson formaður, Hanna Dóra Hólm Másdóttir, Karl Björnsson, Hermann Sæmundsson og Hólmfríður Sveinsdóttir, sem ritaði fundargerð, voru stödd í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu. Aðalsteinn Þorsteinsson, Ingveldur Ása Konráðsdóttir og Reinhard Reynisson voru á fjarfundi.

#### Umfjöllun og afgreiðsla:

##### 1. Áhrif Covid-19 á byggðir landsins / fjármál sveitarfélaga

Covid-19 faraldurinn hefur haft mikil áhrif á byggðir landsins, ekki hvað síst þau sveitarfélög þar sem ferðaþjónustan var hvað sterkust. Aðalsteinn og Karl kynntu þá vinnu sem Byggðastofnun annars vegar og Samband íslenskra sveitarfélaga hins vegar hafa unnið frá því í mars, bæði í formi greiningarvinnu og aðgerðatillaga. Umræður.

##### 2. Framkvæmd byggðaáætlunar 2018-2024

Framkvæmd byggðaáætlunar er fastur liður á dagskrá byggðamálaráðs. Verkefnisstjóri upplýsti að hafin er vinna við undirbúning að árlegri skýrslu ráðherra um framkvæmd byggðaáætlunar, sem áætlað er að lögð verði fyrir Alþingi í desember.

Á síðasta fundi ráðsins var sérstaklega rætt um aðgerð *B.6 Frádráttur vegna aksturs til og frá vinnu*, en aðgerðin er ekki komin til framkvæmdar og voru ráðsmenn sammála um að ástæða væri til að skoða útfærslu hennar. Verkefnisstjóri upplýsti að aðgerðin hefði komið til umræðu á fundi stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál þann 14. september sl. Niðurstaða stýrihópsins var að aðgerðin, eins og hún er sett fram í byggðaáætlun, er of opin og þarfnast nánari skilgreiningar. Móta þurfi aðgerðina betur og taka síðan fyrir við endurskoðun byggðaáætlunar. Stýrihópurinn lagði til að fjármála- og efnahagsráðuneytið hafi frumkvæði að því, í samráði við Skattinn, að greina ferðavenjur fólks til og frá vinnu. Í framhaldinu yrði metin hver þörfin er og hver yrði kostnaður ríkisins.

Á síðasta fundi var jafnframt rætt um aðgerð *B.7 Störf án staðsetningar*, sem að mati ráðsins hefur gengið of hægt að hrinda í framkvæmd. Ráðið ítrekaði þær áhyggjur sínar og óskaði eftir upplýsingum um stöðuna. Verkefnisstjóra falið að ræða við tengilið aðgerðarinnar.

Spurt var um aðgerð *A.2 Þjónustukort*. Upplýst var að vinnan við þjónustukortið gangi vel og að verið er að vinna í hönnun viðmóts. Þá upplýsti Aðalsteinn að Byggðastofnun hefði nýverið tekið yfir svokallað Gagnatorg sem Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi áttu frumkvæði að, en þar er að finna margvíslegar og gagnlegar upplýsingar.

## Byggðamálaráð

Einnig var spurt um aðgerð A.4 *Þverfagleg landshlutateymi*. Verkefnisstjóri mun skoða það með samstarfsaðilum og upplýsa um framgang þess á næsta fundi.

### 3. Endurskoðun byggðaáætlunar – vinnan framundan

Reinhard Reynisson, sérfræðingur á Byggðastofnun kom inn á fundinn. Endurskoðun byggðaáætlunar hófst með formlegum hætti með samráðsfundi í Hafnarfirði og á internetinu þann 11. júní sl. Þar sem m.a. var boðið fulltrúum landshlutasamtaka sveitarfélaga, stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál, umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis og byggðamálaráði. Sama dag var opnað fyrir samráð á vef Byggðastofnunar. Hvoru tveggja í þeim tilgangi að fara yfir hvað hefði tekist vel og hvað mætti betur fara í gildandi byggðaáætlun.

Byggðamálaráð hafi fengið senda verkefnisáætlun fyrir endurskoðunina. Samkvæmt henni er áætlað að stöðuskýrsla (grænbók) fari í samráðsgátt stjórnvalda í lok október n.k. og að þingsályktun verði send Alþingi í lok mars. Áhersla verður lögð á samhæfingu við aðrar opinberar áætlanir og samráð við helstu haghafa, ekki hvað síst sveitarfélög í gegnum landshlutasamtök þeirra og önnur ráðuneyti. Þá er gert ráð fyrir fundi með þingflokki.

Samkvæmt starfsáætlun byggðamálaráðs er næsti fundur ráðsins ekki áætlaður fyrr en í desember. Þar sem byggðamálaráð hefur stóru hlutverki að gegna við endurskoðun byggðaáætlunar er ljóst að fjölga þarf fundum. Formanni og verkefnisstjóra falið að gera tillögur um tímasetningu næstu funda. Áætlað er að áherslur ráðherra við endurskoðun byggðaáætlunar til byggðamálaráðs liggja fyrir í lok september.

Kynntur var rammi eða beinagrind að grænbók sem Hólmfríður og Reinhard munu halda utan um fyrir ráðuneytið og Byggðastofnun.

### 4. Ársrit samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis 2019 – árangursmælikvarðar

Ársrit samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins fyrir árið 2019 kom út í júní sl. Þar er m.a. sérstakur kafli um árangur af ráðstöfun fjármuna, með hliðsjón af markmiðum og mælikvörðum áætlana ráðuneytisins. Farið var yfir árangursmælikvarða byggðaáætlunar og lýstu ráðsmenn yfir ánægju með framsetninguna. Bent var á að hjálplegt gæti verið að vera með grænn-gulur-rauður lita kóða á upplýsingum sem sýna breytingar milli ára, sem gæfi þannig til kynna hvort ástæða væri til að skoða betur og mögulega bregðast við.

Árangursmælikvarðar eru mikilvægir í allri áætlanagerð og mælikvarðar byggðaáætlunar eru til endurskoðunar jafnhliða endurskoðun áætlunarinnar sjálfrar.

### 5. Önnur mál

#### b) Loftbrúin (skoska leiðin)

Byggðamálaráð fagnar einni mikilvægustu byggða- og samgönguaðgerð síðari ára, Loftbrúnni, sem kynnt var 9. september sl. Aðgerðin mun bæta aðgengi íbúa sem búa fjarri höfuðborginni að miðlægri þjónustu og veitir 40% afslátt af heildarfargjaldi fyrir allt að sex innanlandsflug á ári.

Byggðamálaráð tekur undir með Sigurði Inga Jóhannssyni, ráðherra byggðamála um að það er mikið réttlætismál að þeir sem búa fjarri höfuðborginni en vilja og þurfa að sækja þjónustu þangað fái niðurgreiðslu á ferðum sínum með flugi. Loftbrúin (skoska leiðin) er hluti af stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og er aðgerð bæði í byggðaáætlun og samgönguáætlun.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.20.